

Umsögn um hvítbók um byggðamál 2026

Hvítbók stjórnvalda um byggðamál (2026) er vel unnið skjal sem tekur á mörgum helstu verkefnum byggðapróunar á Íslandi á næstu árum. Hvítbókin fylgir stefnumótunarferli Stjórnarráðsins og áherslu á samræmingu áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála. Hún byggir að verulegu leyti á fyrri hvítbók um byggðamál (2021) en ýmsar breytingar hafa þó verið gerðar á formi og innihaldi.

Það er sérstaklega jákvætt að megináhersla hvítbókarinnar hefur færst frá meintri hnignun „landsbyggðarinnar“ sem einsleitar heildar utan höfuðborgarsvæðisins yfir á fjölbreytni byggðarlaga um land allt og mikilvægi samfélagslegrar seiglu til að takast á við ójafnvægi í mannfjöldaþróun, náttúruvá og öryggisáskoranir. Sömuleiðis er afar jákvætt að litið sé með skýrari hætti til aðstæðna og þarfa jaðarsettra hópa í dreifðum byggðum, svo sem ungs fólks, aldraðra, innflytjenda og fólks með fötlun.

Hér verður áhersla lögð á sex þætti sem skoða mætti betur þegar stefnumótandi byggðaáætlun verður unnin á grundvelli hvítbókarinnar.

1. Setja mætti fram með skýrari hætti hvaða aðgerðir eru á forræði byggðaáætlunar og hvaða aðgerðir byggja í raun á annarri stefnumörkun stjórnvalda en gætu haft áhrif á byggðapróun.
2. Ósamræmi er milli áherslu hvítbókarinnar á frumkvæði, þekkingu og forgangsroðun heimafólks annars vegar og minnkandi vægis landshlutasamtaka í framkvæmd byggðaáætlunar og uppbyggingu atvinnustarfsemi í landshlutunum, sem meðal annars birtist í niðurskurði til þeirra verkefna um rúman milljarð á tímabilinu.
3. Til viðbótar við möguleika dreifðari byggða til að njóta góðs af vinnumarkaði og þjónustu borgarsamfélaga þyrfti að fjalla með skýrari hætti um tækifæri sem felast í staðbundnum gæðum og hlutfallslegu forskoti landsbyggðanna á tilteknum sviðum.
4. Byggðastefna til næstu fimmtán ára og aðgerðaáætlun til næstu fimm ára þurfa að huga mun betur að þeim tækifærum og ógnunum sem felast í örri tækniþróun, sérstaklega gervigreindar sem getur haft mikil áhrif á samspil þéttbýlis og dreifbýlis.
5. Skýra þarf hvað felst í borgarsvæði, huga betur að skörun milli þróunaráætlana borgarsvæða og sóknaráætlana landshluta og meta hvort rétt sé að fela samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vinna þróunaráætlun fyrir fjóra landshluta.
6. Setja þarf mælikvarða til að meta árangur einstakra aðgerða í fimm ára aðgerðaáætlun og stuðla að fræðilegum rannsóknum sem metið geta áhrif byggðastefnu stjórnvalda á byggðapróun á Íslandi til lengri tíma.

Nánar er fjallað um hvern þessara sex þátta í meðfylgjandi greinargerð.

Þóroddur Bjarnason

Prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Greinargerð umsagnar um hvítbók um byggðamál 2026

1. Aðgerðir á forræði byggðaaætlunar

Í aðgerðaaætlun til fimm ára er að finna 41 aðgerð sem ætlað er að fylgja eftir framtíðarsýn, lykilviðfangsefnum, meginmarkmiðum og áherslum byggðaaætlunar. Aðeins níu þeirra virðast þó beinlínis á forræði byggðaaætlunar hvað varðar stefnumótun, fjármögnun og framkvæmd aðgerða (A1, B3, B7, B9, C1, C2, C3, C12 og C13) en þrjár til viðbótar tengjast annarri stefnumótun innviðaráðuneytisins í samgöngumálum (A6, A7, A9).

Hinar 29 aðgerðirnar eru á ábyrgð annarra ráðuneyta stjórnarráðsins og eru í mörgum tilvikum aðgerðir í öðrum málaflokkum sem einnig geta haft jákvæð byggðaaðhrif. Byggðastofnun er framkvæmdaaðili tveggja þeirra (A13 og B1) en kemur ásamt stofnunum annarra ráðuneyta að framkvæmd tveggja annarra (A4, C7). Meirihluti aðgerða byggðaaætlunar (25 aðgerðir) er því ekki á forræði áætlunarinnar sem slíkrar.

Rétt er að vekja athygli á því að grænbók um byggðamál 2026 leggjur til aðgreiningu milli verkefna sem eingöngu eru fjármagnaðar af byggðalið, samfjármagnaðar af byggðalið og ábyrgðarráðuneyti, og eingöngu eru fjármagnaðar af viðkomandi ábyrgðarráðuneyti, jafnframt því að tilgreint væri hver áætlaður kostnaður væri og hver bæri ábyrgð á fjármögnuninni. Þessar tillögur virðast ekki hafa fengið brautargengi í hvítbókinni.

Gagnlegt hefði verið að fjalla með skýrari hætti um breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri hvítbók um byggðamál. Einnig hefði verið gagnlegt að setja fram með skýrari hætti hvaða aðgerðir væru á forræði byggðaaætlunar og hvaða aðgerðir byggðu í raun á annarri stefnumörkun stjórnvalda en gætu nýst í þágu byggðaþróunar. Þá hefði verið til bóta að áætla kostnað við einstakar aðgerðir og tilgreina fjármögnun þeirra.

2. Frumkvæði heimafélks og hlutverk landshlutasamtaka

Ástæða er til að fagna áherslu hvítbókarinnar á frumkvæði, þekkingu og forgangsroðun heimafélks og virkt samspil milli miðlægrar stefnu ríkisins og útfærslu landshlutasamtaka. Hins vegar virðist ákveðið ósamræmi milli þessarar áherslu hvítbókarinnar og útfærslu sem virðist styrkja miðlæga stefnumótun ríkisins á kostnað landshlutanna.

Staða sóknaráætlana landshlutanna sem lögfestar voru samhliða byggðaaætlun með lögum nr. 69/2015 er óljós í hvítbókinni. Efling og þróun sóknaráætlana er sett fram sem ein af áherslum byggðastefnunnar (áhersla C5) en í aðgerðaaætlun næstu fimm ára er aðeins vísað til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða þar sem landshlutasamtök geta sótt um framlög í samkeppnissjóð vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða landshlutanum í heild (aðgerð C1).

Með tilkomu sóknaráætlana landshluta var starfsemi atvinnuþróunarfélaga felld inn í landshlutasamtökin, ýmist beint eða með stofnun sjálfseignarstofnana sem tóku yfir rekstur bæði atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna. Byggðastofnun hefur síðan gert samninga um atvinnuráðgjöf við öll sjö landshlutasamtökin utan höfuðborgarsvæðisins.

Í hvítbók um byggðamál 2021 voru landshlutasamtökin framkvæmdaraðilar í frumkvöðlastuðningi, atvinnuráðgjöf og skipulagi viðburða í hverjum landshluta (B3). Í nýrri hvítbók eru bein áhrif byggðaaætlunar á atvinnulíf einna helst sögð birtast í jafnari dreifingu opinberra starfa um landið, en einnig er vikið almennum orðum að óbeinum áhrifum af eflingu stoðkerfis nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Í aðgerðaáætlun næstu fimm ára er tiltekin ein aðgerð (B1) til að “styrkja vistkerfi nýsköpunar í byggðum landsins” með tímabundnum (2027–28) fjárstuðningi til skýrt skilgreindra samstarfsverkefna tveggja eða fleiri stofnana á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar, háskólaþjónustu og símenntunar. Að öðru leyti er ekki vikið að atvinnuráðgjöf í landshlutunum sem lið í byggðaáætlun.

Það er áhyggjuefni að hlutverk landshlutasamtakanna í framkvæmd byggðaáætlunar og svæðisbundnum stuðningi við atvinnustarfsemi virðist fara minnkandi, bæði í stefnumörkun hvítbókarinnar og skerðingu á framlögum til þessara verkefna um rúman milljarð. Þannig verða framlög til sóknaráætlana skert um 27% og framlög til atvinnuþróunar um 15% en framlag til Byggðastofnunar verður nánast óbreytt (–3%). Hlutfallslegt vægi Byggðastofnunar í framkvæmd byggðaáætlunar eykst þannig á kostnað þeirrar dreifingar frumkvæðis og ábyrgðar sem hvítbókin leggur áherslu á í orði.

3. Staðbundin gæði, atvinnugreinar og búsetufrelsi

Eitt helsta markmið fyrstu ályktunar Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun (1994–1997) var “að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti”. Í þessari fyrstu byggðaáætlun var fjallað ítarlega um stöðu og horfur í landbúnaði og sjávarútvegi sem burðarása byggðanna og fullyrt að “Stjórnvöld geta ekki látið sér standa á sama um það hvernig þessar umfangsmiklu breytingar koma niður á einstökum byggðarlögum”.

Hvorki landbúnaður né sjávarútvegur eru hins vegar nefnd í framtíðarsýn, lykilviðfangsefnum eða meginmarkmiðum byggðastefnu 2027–2041. Þess í stað er megináherslan á aðgengi að þjónustu, fjölbreytt störf, nýsköpun, samgöngur, sjálfbærni, græna orku og loftslagsmál.

Landbúnaður og sjávarútvegur koma hins vegar lítillega við sögu í afmörkuðum áherslum fimmtán ára byggðaáætlunar og fimm ára aðgerðaáætlun hennar. Áherslan á *Fæðuöryggi og sjálfbæra land- og auðlindanýtingu* (áhersla C11) á sér samsvörun í stuðningi við *Vöruþróun smáframleiðenda matvæla* (aðgerð B11). Áherslan á *Nýliðun og aðlögun að breyttum atvinnuháttum* (áhersla B8) á sér samsvörun í aðgerðinni *Nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði* (aðgerð B10) en ekki er að finna samsvarandi aðgerð varðandi nýliðun og kynslóðaskipti í sjávarútvegi. Þá vekur nokkra athygli að áherslan á byggðatengdar aflaheimildir smærri sjávarbyggða (áhersla B9) er ekki útfærð í aðgerð þótt almennur byggðakvóti sé nýttur í þeim tilgangi og sérstakur byggðakvóti sé á forræði Byggðastofnunar.

Það vekur einnig athygli að ferðaþjónustan sem hefur verið einn helsti drifkraftur atvinnulífs í mörgum dreifðari byggðum og ein af þremur stærstu útflutningsgreinum landsins er heldur ekki nefnd í framtíðarsýn, lykilviðfangsefnum eða meginmarkmiðum byggðastefnu 2027–2041, og stuðningur við reglulegt millilandaflug um Akureyri og Egilsstaði er eina aðgerðin (B12) sem snýr beint að eflingu ferðaþjónustu sem heilsársatvinnugreinar um land allt.

Samkvæmt hvítbókinni virðast landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta því ekki lengur skipta meginmáli fyrir þróun dreifðra byggða, heldur velti framtíð þeirra að mestu á auknu aðgengi að búsetugæðum borgarsamfélaga; fjölbreyttu atvinnulífi, háskólamenntun, menningarviðburðum og iðandi mannlífi borganna. Í þessu felst ákveðin „úthverfavæðing“ landsbyggðanna þar sem hvorki er litið til þeirra tækifæra sem felast í staðbundnum gæðum né hlutfallslegs forskots landsbyggðanna á tilteknum sviðum.

Hér skortir skýrari sýn á tengsl atvinnugreina og hagsmuna þeirra samfélaga sem byggst hafa upp á grundvelli þeirra. Dreifbýl samfélög hafa alla tíð þurft að aðlagast sig síbreytilegum náttúrulegum, efnahagslegum og félagslegum aðstæðum og markmið byggðastefnunnar ætti að vera að styðja við það mikilvæga verkefni samfélaganna. Búsetufrelsi felst ekki aðeins í bættu aðgengi að lífsgæðum borgarsamfélaga heldur einnig atvinnu og búsetu sem byggir á staðbundnum gæðum og hlutfallslegu forskoti landsbyggðanna á ýmsum sviðum.

4. Tæknibreytingar og gervigreind

Hvítbók um byggðamál 2021 einkenndist af mikilli framsýni hvað varðaði þau tækifæri sem örar tæknibreytingar gætu skapað fyrir dreifðar byggðir. Tæknin var sögð tengja byggðir landsins og Ísland við umheiminn og fjórða iðnbyltingin gæti skapað fjölbreytt störf um land allt. Mikilvægt væri að undirbúa og aðstoða fyrirtæki í byggðum landsins við að nýta margvísleg stafræn tækifæri „svo sem sjálfvirknivæðingu, blockchain, sýndarveruleika og gervigreind“. Nýta mætti gagnagnótt til betri stefnumótunar og ákvarðanatöku í fyrirtækjum og tækniframfarir sköpuðu margvísleg ný tækifæri til fjarnáms og fjarheilbrigðisþjónustu.

Miklar tækniframfarir hafa orðið á þeim fimm árum sem liðin eru frá útkomu síðustu hvítbókar, sérstaklega með tilkomu og hraðri þróun stórra mállíkana (e. large language models) sem urðu almenningi aðgengileg sem spjallmenni (e. chatbots) í árslok 2022 en eru í sífellt vaxandi mæli gerendur (e. agents) sem geta tekið að sér sífellt flóknari verkefni. Þessi gervigreindarlíkön skapa margvísleg tækifæri við rekstur fyrirtækja í dreifðum byggðum þar sem sérhæfð þekking getur verið af skorum skammti og utanaðkomandi aðstoð oft reynst bæði kostnaðarsöm og illa sniðin að aðstæðum í nærsamfélaginu. Gervigreind kemur ekki í stað mannlegrar sérþekkingar, staðarþekkingar og dómgreindar atvinnuráðgjafa, en getur verið afar gagnlegt verkfæri til að breikka og dýpka stuðning við atvinnulífið. Á sama tíma mun tæknipróunin vafalaust umbreyta störfum í framleiðslu og þjónustu og ógna atvinnulífi dreifðra byggða með ýmsum hætti.

Í nýrri hvítbók er vikið almennum orðum að mikilvægi nýsköpunar og hagnýtingu nýrrar tækni til að auka framleiðni og verðmætasköpun og fjallað um tækifæri sem felist í stafrænu aðgengi að störfum og þjónustu. Þannig leggur aðgerðaáætlun til næstu fimm ára áherslu á hlutverk tækninnar hvað varðar óstaðbundin ríkisstörf (B3), fjarþjónustu í heilbrigðismálum (A3), örnám á háskólastigi (A10), rafræna stjórnsýslu (A11), tilraunaverkefni um löggæsludróna (A12) og stafræna kortlagningu á aðgengi að menningu (A13).

Gervigreind er hins vegar ekki lengur nefnd sem mögulegur áhrifapáttur í byggðapróun næstu fimmtán ára, né heldur eru tilteknaðar neinar aðgerðir sem styrkt gætu stöðu einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana í dreifðum byggðum á líklegum breytingartímum.

Mikilvægt væri að huga betur að þeim tækifærum og ógnunum sem að líkindum munu fylgja innreið gervigreindar og tengdrar tækni. Þar er mikilvægt að huga sérstaklega að fyrirkomulagi atvinnuráðgjafa og áhrifum tækninnar á hefðbundinn fyrirtækjarekstur, launavinnu og þjónustu af ýmsu tagi, ekki síður en áhrifum hennar á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

5. Skörun milli þróunaráætlana borgarsvæða og sóknaráætlana landshluta

Í fimm ára aðgerðaáætlun hvítbókar um byggðamál 2026 er sett fram það markmið að þróa borgarsvæði höfuðborgarsvæðisins og borgarsvæði Akureyrar sem heildstæð atvinnu- og

búsetusvæði (aðgerð C3). Samkvæmt borgarstefnunni er hér átt við annars vegar suðvesturhorn landsins frá Borgarnesi um Suðurnes og austur á Selfoss en hins vegar Mið-Norðurland frá Siglufirði til Húsavíkur og Mývatns. Hins vegar skilgreinir hvorki hvítbókin né borgarstefnan hvað geri þessi byggðarlög að "borgarsvæðum" fremur en einfaldlega tiltekna tegund landsbyggða innan u.þ.b. klukkustundar akstursfjarlægðar frá Reykjavík og Akureyri.

Sé litið til viðmiða OECD uppfylla þessi svæði engan veginn skilyrði þess að teljast vera virk borgarsvæði (e. functional urban areas) þótt þau gætu raunar talist „bakland þéttbýlis“ (e. urban hinterlands) skv. OECD sem strjálbýli þar sem a.m.k. 15% fólks á vinnumarkaði sækir vinnu til nálægs borgarkjarna. Þess ber þó að gæta að vinnusókn milli byggðarlaga á þessum svæðum er almennt mun meiri en vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins eða Akureyrar.

Aðgerðaáætlun hvítbókarinnar felur Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að vinna þróunaráætlun fyrir borgarsvæði höfuðborgarsvæðisins og Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) að vinna þróunaráætlun fyrir borgarsvæði Akureyrar á tímabilinu 2027–2028 en Byggðastofnun, Vegagerðin, landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög á borgarsvæðunum eru nefnd sem dæmi um samstarfsaðila.

Ekki er fyllilega ljóst hvort þróunaráætlun fyrir borgarsvæði Akureyrar er ætlað að vera hluti sóknaráætlunar Norðurlands eystra eða sjálfstæð áætlun fyrir Eyjafjörð og Suður-Pingeyjarsýslu, en rétt er að vekja athygli á því að langflestir íbúar Norðurlands eystra eru búsettir á þessu svæði og íbúar Húsavíkur eru jafnframt meirihluti íbúa sveitarfélagsins Norðurlands sem nær um stóran hluta Norður-Pingeyjarsýslu.

Þá vekur athygli að SSH er falið að vinna þróunaráætlun fyrir svæði sem nær að fullu til starfssvæða tveggja landshlutasamtaka (höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja) og til fjölmennustu hluta starfssvæða tveggja annarra landshlutasamtaka (Vesturlands og Suðurlands). Þótt landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög sem þróunaráætluninni er ætlað að ná til séu nefnd sem samstarfsaðilar virðist ljóst að veruleg skörun verður milli þróunaráætlunarinnar annars vegar og sóknaráætlana landshlutanna fjögurra hins vegar og nokkuð óvenjulegt að fela einum landshlutasamtökum ábyrgð á framkvæmdinni.

Í ljósi áherslu hvítbókarinnar á samþættingu opinberra áætlana hefði verið til bóta að skýra betur skörunina milli Sóknaráætlunar Norðurlands eystra og þróunaráætlunar borgarsvæðis Akureyrar (eða Norðurlands eystra án Norður-Pingeyjarsýslu) annars vegar og skörunina milli Þróunaráætlunar borgarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og sóknaráætlana höfuðborgarsvæðisins, Vesturlands, Suðurnesja og Suðurlands hins vegar.

6. Mat á árangri byggðaáætlunar

Í hvítbókinni eru settir fram mælikvarðar sem ætlað er að lýsa stöðu og þróun þeirra þátta sem tengjast markmiðum byggðaáætlunar (kafla 1.5). Samkvæmt hvítbókinni er þessum mælikvörðum hins vegar ekki ætlað að mæla árangur byggðaáætlunarinnar sem slíkrar.

Í hvítbókinni segir:

Áætlunin er takmörkuð að umfangi þegar kemur að fjármunum og því ljóst að hún ein og sér hefur takmörkuð áhrif á þróunina. Einnig er nær útilokað að einangra áhrif hennar frá hinum margvíslegu og flóknu þáttum sem áhrif hafa á byggðapróun á hverjum tíma. Hlutverk mælikvarðanna er fyrst og fremst að veita vísbendingar um þróun byggðamála og varpa ljósi á hvar þörf er á frekari athygli eða aðgerðum til að ná fram markmiðum áætlunarinnar.

Ástæða er til að gera verulegar athugasemdir við þessa sýn. Framlög til byggðamála eru vissulega ófullnægjandi og dragast saman um 13% fram til 2031. Engu að síður eru opinber

framlög til málaflokksins á annan milljarð króna á ári og gera verður þá kröfu að það framlag hafi mælanlegan árangur.

Hér þarf að huga að tveimur nokkuð ólíkum þáttum. Annars vegar þarf að meta árangur tiltekinna aðgerða í fimm ára aðgerðaáætlun hvítbókarinnar og hins vegar þarf að meta áhrif fimmtán ára byggðaáætlunar á byggðapróun í landinu. Þeir mælikvarðar sem settir eru fram í kafla 1.5 eru almennir stöðuvísar sem gera hvorugt með fullnægjandi hætti. Mælaborð eru góðra gjalda verð en koma ekki í staðinn fyrir innra eða ytra mat á árangri byggðaáætlunar.

Það er tiltölulega einfalt að setja fram mælikvarða á árangur einstakra aðgerða og raunar má finna vísi að slíku í síðustu hvítbók. Slíkir mælikvarðar verða aldrei fullkomnir en geta verið fullkomlega nothæfir. Til dæmis er markmið aðgerðar A1 í aðgerðaáætlun til fimm ára að styðja við rekstur dagvöruverslana til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu í minni byggðarlögum. Árangur þessarar aðgerðar mætti mæla með ýmsum hætti, allt frá því að telja fjölda byggðarlaga þar sem ekki eru dagvöruverslanir (hvort sem markmiðið væri að þeim fjölgaði eða fækkaði ekki) yfir í það að nýta kannanir Bygðastofnunar til að meta hlutfall dagvöruverslunar í heimabyggð. Þróun slíkra mælikvarða myndi jafnframt auka aga í framsetningu aðgerðaáætlunar og ydda markmið hverrar aðgerðar.

Heildarmat á áhrifum stefnumótandi byggðaáætlunar á byggðapróun í landinu er hins vegar mun flóknara mál og vissulega er áskorun að einangra áhrif byggðaáætlunar frá öðrum áhrifaþáttum byggðapróunar. Það er hins vegar langt því frá útilokað og raunar er löng hefð fyrir rannsóknum á samspili flókinna áhrifaþátta samfélagsþróunar í háskólasamfélaginu sem gæti nýst til að meta áhrif opinberra aðgerða á byggðapróun yfir lengri tíma.

Í byggðaáætlun 2014–17 voru tekin skref í þá átt að efla fræðilegar rannsóknir á sviði byggðamála í samstarfi íslenskra og erlendra háskóla (markmið 4.2d). Í framhaldinu var settur á stofn sérstakur Bygðarannsóknasjóður sem frá árinu 2015 hefur styrkt yfir 50 rannsóknarverkefni á sviði byggðamála. Jafnframt hefur Bygðastofnun haft frumkvæði að því að auka áhuga ungs vísindafólks á byggðarannsóknum með styrkjum til meistaranema og hefur veitt yfir 40 slíka styrki frá árinu 2015.

Í hvítbókinni eru háskólar nefndir til sögunnar í tengslum við verkefni háskólaráðuneytisins um örnám (aðgerð A10), nýsköpunarverkefni í atvinnulífi (aðgerð B1) og matvælaframleiðslu (B11), stuðning utanríkisráðuneytisins við norðurslóðarannsóknir (aðgerð B6) og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi Nora, Nordregio, NPA, ESPON og OECD (aðgerð C13). Hins vegar hafa háskólarnir verið teknir út af lista um samstarfsaðila um opinberar upplýsingar á sviði byggðamála (aðgerð C12) frá fyrri hvítbók.

Fræðilegar rannsóknir á sviði byggðamála koma ekki fyrir með beinum hætti í hvítbókinni, og hvorki Bygðarannsóknasjóð né styrki Bygðastofnunar til meistaranema er að finna í aðgerðaáætlun hennar. Í ljósi mikilvægis þess að meta áhrif byggðaaðgerða stjórnvalda á byggðapróun í gegnum tíðina væri athugandi að leggja áherslu á slíkar rannsóknir í úthlutun Bygðarannsóknasjóðs á næstu árum.

Mikilvægt væri að setja mælikvarða til að meta árangur einstakra aðgerða í fimm ára aðgerðaáætlun byggðaáætlunar og stuðla að fræðilegum rannsóknum á áhrifum byggðaaðgerða stjórnvalda á byggðapróun. Jafnframt væri mikilvægt að leggja áherslu á eflingu fræðilegra rannsókna á byggðamálum í byggðaáætluninni og tiltaka styrki Bygðarannsóknasjóðs og styrki Bygðastofnunar til meistaranema í aðgerðaáætlun.